

Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Atvinnuveganefnd
Sendandi: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Dagsetning: 15.02.2024
Málsnúmer: UMH23090023
Bréfalykill: 3.1

Efni: Umsagnir til atvinnuveganefndar - 29. mál Orkustofnun og raforkulög

Ráðuneytið vísar til 29. máls á 154. löggjafarþingi, Orkustofnun og raforkulög. Frumvarpið er endurflutt með fáeinum breytingum sem eru til samræmis við breytingar sem urðu á frumvarpinu í meðförum atvinnuveganefndar á 153. löggjafarþingi. Í samráðskafla greinargerðar frumvarpsins er gerð nánari grein fyrir þeim breytingum.

Í samráðsferli atvinnuveganefndar bárust umsagnir frá Landsneti hf. og Landsvirkjun. Atvinnuveganefnd hefur óskað viðbragða ráðuneytisins við þeim.

Umsögn Landsnets hf.

Í umsögn sinni gerir Landsnet tillögu um tvær breytingar á b- lið 4. gr.

Vísun til gagnsæis og jafnræðis í b- lið 4. gr.

Í 4. mgr. 35. gr. raforkutilskipunar 2009/72/EB segir í 1. málsl. að aðildarríkin skuli ábyrgjast sjálfstæði eftirlitsyfirlitsins og skuli tryggja að það beiti valdi sínu af óhlutdrægni og á gagnsæjan hátt. Mundi ráðuneytið því ekki gera athugasemdir við breytingu til samræmis við þessa tillögu Landsnets. Í því samhengi bendir ráðuneytið á að í 2. gr. frumvarpsins er jafnframt að finna vísun til starfsreglna Raforkueftirlitsins og færi vel á því að hafa samræmi á milli ákvæða.

Samráð við flutningsfyrirtækið

Landsnet hf. leggur til að í 4. mgr. verði vísað til þess að eftirlitinu beri að hafa samráð við flutningsfyrirtækið þegar það sinnir eftirlitsskyldum sínum. Ráðuneytið bendir á að í frumvarpsákvæðinu er þegar mælt fyrir um skyldu Raforkueftirlitsins til að hafa samráð við eftirlitsskylda aðila um framkvæmd og þróun eftirlitsins. Telur ráðuneytið því ekki þörf á þeirri viðbót sem hér er lögð til.

Umsögn Landsvirkjunar.

Í umsögn Landsvirkjunar segir að óljóst sé hver fari með mannráðningar hjá Raforkueftirlitinu. Í áður framlögðu frumvarpi á 153. þingi hafi komið skýrt fram í umfjöllun greinargerðar að gert væri ráð fyrir að „orkumálastjóri ráði starfsmenn til starfa hjá Raforkueftirlitinu“. Í endurfluttu frumvarpi hafi sjálfstæði Raforkueftirlitsins verið eflt en hvað þetta tiltekna atriði varði sé

greinargerð frumvarpsins þó óljós.

Ráðuneytið áréttar að áfram er gert ráð fyrir því að Raforkueftirlitið sé eining innan Orkustofnunar. Í 5. gr. laga um Orkustofnun kemur fram að orkumálastjóri ráði annað starfslið stofnunarinnar. Gera verður ráð fyrir að sú regla gildi nema sérstaklega sé annað tekið fram í lögum.